

Menntavísindastofnun, Háskóli Íslands
Desember 2022

Fagháskólanám í leikskólakennarafræðum
Niðurstöður úr viðtölum við þátttakendur og hagaðila
verkefnisins



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Fagháskólanám í Leikskólakennarafræðum
Niðurstöður viðtala við þátttakendur og hagaðila verkefnisins
Nóvember 2022

Háskóli Íslands og Keilir
Menntavísindastofnun
ISBN 978-9935-9727-3-6

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Bakgrunnur	5
Aðferðir.....	6
Niðurstöður	6
Skipulag námsins.....	6
Aðkoma sveitarfélaga að verkefninu	8
Hvatinn.....	10
Stuðningur við nemendur og áskoranir.....	11
Ávinningur og áhrif á faglegt starf.....	14
Samantekt	16
Annmarkar – hvað má betur fara?	16
Kostir - hvað tókst vel?	17
Lokaorð	18

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um þróunarverkefnið *Fagháskólanám í leikskólafræði* sem var samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Keilis. Verkefnið hófst 11. júní 2020 með undirritun samstarfssamnings á milli Háskóla Íslands og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. Í samningnum var gert grein fyrir samstarfinu þar sem Háskóli Íslands bar faglega ábyrgð á náminu meðal annars á kennslu, námsefni og námsmati ásamt eftirliti og umsjón með inntöku nemenda og námsframvindu þeirra. Hlutverk Keilis sneri að umsýslu í tengslum við framkvæmd námsins þar sem lögð var til kennsluaðstaða og vinnuaðstaða ásamt þjónustu við bæði nemendur og kennara fagháskólanámsins. Háskólanámið sem fór fram á vettvangi Keilis var á vegum Deildar kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Meginmarkmið verkefnisins var að efla nám í leikskólafræðum og styðja við starfsemi leikskóla á Suðurnesjum. Þegar verkefnið hófst var það kynnt fyrir leikskólastarfsfólki á Suðurlandi í gegnum tengiliði námsvera og Háskólafélags Suðurlands. Fagháskólanámið var unnið í nánú samstarfi við sveitarfélög. Matið fór fram í október og nóvember 2022. Markmið þessarar skýrslu er að meta ávinning af fagháskólanáminu bæði fyrir nemendurna sjálfa og faglegt starf í leikskóla og ennfremur að kanna upplifun nemenda af námsleiðinni í heild sinni.

Bakgrunnur

Fagháskólanám í leikskólafræðum er starfstengt, hagnýtt 60 ECTS eininga nám á háskólastigi (Keilir, e.d.). Námið er skipulagt sem brú yfir í háskólanám og skilgreint sem nám með vinnu. Áætlaður námstími er tvö ár sem líkur með afhendingu prófskírteinis. Markhópur námsleiðarinnar eru leiðbeinendur sem starfa í leikskólum og inntökuskilyrðin byggja á undanþágureglu Háskóla Íslands. Miðað er við að lágmarki þriggja ára starfsreynslu í leikskóla auk 100 framhaldsskólaeininga eða leikskólaliðanáms. Námið er byggt upp sem hálf háskólanám, 15 einingar á önn eða 30 einingar á skólaári. Útskrift með prófskírteini felur í sér 60 loknar einingar sem metnar eru inn í B.Ed. nám á háskólastigi og samsvara einu námsári.

Fagháskólanámið fór fram í gegnum Keili fyrsta árið með kennslustund einn morgun í viku. Seinna árið urðu nemendur hluti af hópi leikskólakennaranemenda á Menntavísindasviði HÍ við Stakkahlíð en voru með áframhaldandi stuðning frá Keili. Sérráðinn verkefnisstjóri sá um tengsl samstarfsaðila verkefnisins

Aðferðir

Matsaðilar byrjuðu á því að afla sér upplýsinga frá Keili áður en tekin voru viðtöl við nemendur og hagsmunaaðila. Kallað var eftir ýmsum gögnum t.d. upplýsingum um fjölda nemenda, fjölda útskrifaðra, kynningarstarf, kostnaðaráætlun, samstarf við hagsmunaaðila og fleira. Óskað var eftir þátttakendum í rýnihóp úr hópi nemenda með tölvupósti þann 21. september 2022 þar sem matið var kynnt. Einnig var sendur tölvupóstur þann 27. september 2022 á alla leikskólastjóra þeirra leikskóla sem voru með starfsmenn sem stunduðu fagháskólanámið.

Rætt var við sex nemendur; þrjá sem útskrifuðust frá námsbrautinni vorið 2022, tvo sem útskrifuðust ekki en eru enn í leikskólakennaranámi og einn nemanda sem hætti í náminu eftir fyrstu önn. Eitt rýnihópsviðtal fór fram í Stakkahlíð við þrjá nemendur, hin þrjú viðtölin voru einstaklingsviðtöl; eitt á staðnum, eitt í gegnum Teams og eitt var símtal. Að auki var rætt við þrjá starfsmenn frá stjórnslu sveitarfélaga, þrjá leikskólastjóra (tvo saman í viðtali og einn á Teams) og tvo aðila frá Menntavísindasviði HÍ (kennara og aðila í stjórnslu). Viðtölin voru frá 15 – 60 mínútum. Þátttakendur fengu upplýsingar varðandi trúnað og nafnleynd var tryggð við úrvinnslu og notkun gagna.

Fjöldi þátttakenda

Hópur	Fjöldi
Nemendur	6
Leikskólastjórnendur	3
Aðilar úr stjórnslu sveitarfélaga	3
Aðilar frá Menntavísindasviði HÍ	2

Alls 9 viðtöl við 14 aðila

Niðurstöður

Skipulag námsins

Námið var kynnt í júní 2020 fyrir leikskólastjórum og starfsfólki leikskóla á Suðurnesjum í sal Keilis. Námið var skipulagt þannig að á fyrra árinu fór kennslan fram einu sinni í viku bæði í Keili en einnig í gegnum fjarfundarbúnað fyrir þá nemendur sem voru staðsettir á Selfossi, Hvolsvelli og á Höfn. Nemendur á Suðurnesjum voru með aðstöðu í Keili og tóku þar þátt í kennslunni saman en á Suðurlandi gafst nemendum meðal annars kostur á að vera saman í fundarherbergi hjá HFSU, Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi. Á seinna

árinu fór námið fram í Stakkahlíð og var mætingarskylda tvisvar í viku á háskólamorgna sem var annað hvort hægt að mæta á í Stakkahlíð eða á Zoom í rauntíma.

Viðmælendur töluðu um að skipulag námsins hafi ekki verið nægilega skýrt í upphafi náms. Bæði nemendur og stjórnendur töldu að námið hafi átt að vera meira fjarnám þar sem tekið væri ríkara tillit til þess að nemarnir eru flestir í miklu starfshlutfalli samhliða námi. Nemendum sem rætt var við voru allir í 100% starfi fyrir utan einn sem var í 75% starfi. Nemendum fannst það ekki hafa legið fyrir í upphafi náms að mætingarskylda væri tvisvar í viku á seinna árinu sem bæði þeim og stjórnendum fannst heldur mikið og kom þeim á óvart. Kennari frá HÍ sagði að upplýsingar um námstilhögun hefðu legið fyrir frá upphafi en ljóst væri að kynna þyrfti það enn betur og margir virtust ekki meðvitaðir um fyrirkomulagið varðandi seinna árið. Stjórnendur töluðu um að betra hefði verið að hafa staðlotur í ákveðinn tíma t.d. viku að hausti, þar sem leikskólar eru oft undirmannaðir og því erfitt að missa starfsfólk frá vinnu í hverri viku. Nemendum fannst líka erfitt að fara tvisvar í viku til Reykjavíkur á seinna árinu og fengu samviskubit yfir fjarveru frá vinnu. Þeir nýttu sér því ekki mikið að mæta í Stakkahlíð heldur sóttu námið í gegnum Zoom og höfðu möguleika að vera saman í aðstöðu Keilis.

Nemendum fannst þeir hafi fundið fyrir því að þetta væri ný námsleið sem ætti eftir að slípa til. Upplýsingar varðandi námstilhögun fyrsta haustið hafi komið frekar seint og það reynst erfitt þegar verið er að skipuleggja vinnustaðinn. Nokkuð óöryggi virðist hafi orðið í nemendahópnum þegar utanumhald Keilis minnkaði á seinna árinu og nemarnir fóru í Stakkahlíð og sameinuðust þar nemendahópi á fyrsta ári. Þar hafi einhver misskilningur verið varðandi mætingu í skólann tvisvar í viku og fyrirkomulagið í Stakkahlíð: „*maður heyrði það svona á hópnum... þetta er ekki það sem við sömdum um... að þú farir meira inn í háskólann*“. Hins vegar nutu þeir stuðnings Keilis eftir sem áður, bæði með aðstöðu og þjónustu. Einn nemandi sagði að þetta hafi verið gott fyrirkomulag „*maður fór svona aðeins að klippa á naflastrenginn*“ en hann vissi að sumum fannst þetta erfiðara, sérstaklega þeim sem höfðu ekki verið í námi lengi og að þeir hefðu viljað vera áfram í Keili seinna árið.

Nemandi á Suðurlandi sagði að það hafi verið haldið vel utan um nemana fyrsta árið og að námið hafi byrjað mjög rólega. Hann talaði um að það hafi verið nokkur óvissa eftir fyrsta árið þegar allt skipulag námsins var mjög skýrt. Seinna árið var komin meiri tenging við HÍ t.d. í tengslum við valáfanga og fleira sem hefði verið gott að útskýra betur: „*þá hefði maður svoltið viljað fá bara einn kvöldfund þar sem væri svona leitt í gegnum þetta*“. Nemandinn gat leitað til kennara á námsleiðinni sem aðstoðaði með að finna út úr því sem var óskýrt.

Nokkrir nemendur töluðu um að það hafi vantað betra upplýsingaflæði milli Keilis og Menntavísindasviðs. Einn nemandi nefndi í því samhengi: „*Stundum svona skilaboð milli*

Keilis, HÍ og okkar, það var svona eins og þetta væri sitthvor staðurinn ... ef maður heyrði í HÍ í sambandi við eitthvað þá vissu þeir ekki neitt hvað væri í gangi og svo stundum spurði maður kennara í Keili og þá þurftu þeir að heyra í HÍ þannig að það var svona upplýsingaflæði, samskipti á milli og svona". Þegar rætt var við aðila frá Menntavísindasviði kom fram að undirbúningstímabilið hefði mátt vera lengra, flókið sé að skipuleggja námskeið fyrir tiltekna hópa og mikilvægt að gefinn sé tími til undirbúnings og skipulagsvinnu.

Sumir nemendur töldu að veita þyrfti nemum aukið frelsi til að horfa á upptökur þegar þeim henti og töldu að kennarar hafi ekki gefið nægilegt svigrúm til þess að sinna náminu í fjarnámi. Til dæmis hafi þurft að vinna aukaverkefni ef nemendur gátu ekki mætt í tíma á staðnum. Sumir nefndu að þeir hefðu viljað minna vægi lokaprófa og meira vægi verkefnavinnu. Hins vegar er mikilvægt að leggja áherslu á að hluti af náminu sé að tengjast öðrum nemendum, mynda námssamfélag og styðja hvert annað að mati kennara á MVS.

Til þess að komast inn í námið þurfa umsækjendur að hafa lokið 100 einingum í framhaldsskóla. Sumir nemendur óskuðu eftir meiri sveigjanleika með þessa kröfu, umsækjendum með mikla starfsreynslu sem höfðu lokið yfir 90 einingum var hafnað. Nemendur töluðu um að það hafi ekki verið nægilega ljóst hvaða námslínu þeir hafi átt að fylgja á 2. ári og óskuðu eftir því að það væri skýrara í kerfinu. Nemendur voru ánægðir með að geta verið í hálfu námi (60 einingar á tveimur árum) og námskeiðin voru að þeirra mati skemmtilega upp sett og áhugaverð.

Nemendur og stjórnendur á Suðurnesjum sögðu að nemendur héldu fullum launum á meðan náminu stóð en leikskólar fengu ekki fjárhagslegan stuðning frá sveitarfélaginu á móti fjarvistum. Sumir stjórnendur og aðilar innan stjórnsýslu sveitarfélaga töluðu um að það þyrfti jafnvel að setja þak á fjölda starfsfólks sem er í námi hverju sinni. Aðrir vildu ekkert þak og töldu ávinninginn við að fá fagmenntað fólk til baka úr námi vega á móti því að missa fólk tímabundið frá vinnu. Það getur líka verið erfitt að missa starfsfólk í lengra nám, til dæmis tekur það 5 ár að útskrifast sem leikskólakennari.

Aðkoma sveitarfélaga að verkefninu

Hlutverk sveitarfélaga var meðal annars að styðja við samstarfið um aðstöðu og þjónustu Keilis vegna námsins og með það markmið að efla nám í leikskólafræðum. Á Suðurnesjum veittu sveitarfélög leyfi fyrir að nemendur færu frá vinnu á launum til að sinna náminu. Í viðtali við aðila innan stjórnsýslu sveitarfélaga kom fram að þeirra hlutverk væri líka að meta það hvort halda ætti áfram með stuðninginn út frá árangri og matskýrslum. Einnig þarf að horfa til þátttöku og fjölda útskrifaðra, en alls voru 33 nemendur sem skráðu sig í námið haustið 2021. Af þeim kláruðu 11 á réttum tíma og útskrifuðust vorið 2022. Aðilar

Í stjórnsýslu sveitarfélaga töluðu um að það hefði verið gott að vita betur af stöðu nemendanna, því mögulega hefði verið hægt að veita meiri stuðning og hvatningu til þess að þeir kláruðu:

...það hefði kannski verið ágætt að hafa aðeins meiri svona, snertiflöt við sko, eins og varðandi brottfall úr náminu, við verðum ekkert vör við það beint fyrr en það er búið, fyrr en það er orðið þannig að hérna mögulega hefðum við getað með einhverjum hætti spurt fólk og svona reynt að styðja betur við en það eru náttúrulega tvær hliðar á þessu, við viljum hvetja (aðili sveitarfélags).

Þótt 33 hafi upphaflega skráð sig í námið byrjuðu fjórir aldrei í náminu og þrír luku engum einingum (hættu fljótt). Á vorönn 2021 hófu 24 nám og 20 nemendur um haustið 2021. Þannig var hópurinn fremur fámennur, en kosturinn við fámenni hópsins var að aðilar frá Keili, kennarar HÍ og starfsfólk kennsluskrifstofu HÍ voru meðvituð um að aðstoða nemendur varðandi áframhaldandi nám og valmöguleika. Auðvelt var að nálgast hópinn og veita einstaklingsmiðaða þjónustu í tengslum við vafamál. Í dag er staðan sú að af þeim 11 sem kláruðu eru sex skráðir í áframhaldandi nám í leikskólakennarafræðum og tveir í annað nám.

Aðilar sveitarfélaga töldu að verkefnið geti verið mikið álag á leikskólana, að starfsfólk fari frá vinnu til að sinna námi og jafnvel margir frá hverjum vinnustað. Umræðan hefði víða verið hávær um hversu mikið álag þetta væri á leikskólana. Margir töldu að það væri ekki hægt að skilgreina fagháskólanámið sem nægilega mikið fjarnám með vinnu þegar gerðar væru kröfur um mætingu tvisvar í viku og að þeim bárust athugasemdir frá leikskólastjórum vegna þessa.

Fjármögnun verkefnisins bar einnig á góma. Aðili sveitarfélags upplýsti um að þann 1. september 2022 hefði verið veitt samþykki í bæjarstjórn Grindavíkur þess efnis að stjórnendur gætu fengið aukið stöðugildi til að leysa afleysingu vegna fjarveru starfsfólks sem er styrkt til náms. Umræða um skort á afleysingum er langt því frá ný af nálinni og margt sem spilar þar inn í, meðal annars aukin þörf fyrir afleysingu vegna styttingar vinnuvikunnar og aukins undirbúningstíma leikskólakennara. Aðilar í stjórnsýslu sveitarfélaga standa frammi fyrir því að þurfa að hagræða í rekstri og skoða burði sveitarfélagsins sem er mikil áskorun og þessi sjónarmið fari því ekki vel saman.

Aðilum í stjórnsýslu sveitarfélaga fannst auk þess oft vanta betri upplýsingar um námstillhögun frá HÍ, því leikskólastjórnendur verða að geta skipulagt starfið tímanlega og þurfa upplýsingar um tímasetningar fjarveru starfsfólks í námslotum og vettvangsnámi: *„...nemarnir vita ekki, mér finnst þetta svo ótrúlegt, þær vita ekki hvenær þær eru í staðnámi eða verknámi eða vita ekki hvenær þær eiga að vera í skólanum, nema bara með*

einhverjum stuttum fyrirvara.“ Þeir töluðu um að leikskólastjórar hefðu verið mjög ánægðir með samstarfið við Keili þar sem allt var skýrt varðandi mætingu, alltaf sami tíminn sem hentaði starfsemi leikskólans vel: *„alltaf komnar um 11 sem var gott fyrir matartímann, þannig að þær voru ánægðar með það“*. Í ofanálag lentu stjórnendur í að skipuleggja starfið m.t.t. COVID-19, vinnustyttingar og aukins undirbúningstíma. Aðilar sveitarfélaga töldu að það væri hagkvæmast að hafa fagháskólanámið í boði annað hvert ár svo það yrði ekki of íþyngjandi fyrir leikskólastarfið.

Aðilar í stjórnýslu sveitarfélaga sáu fyrir sér áframhaldandi samstarf við Keili en veltu fyrir sér hvernig það myndi virka heildstætt á landsvísu og sáu þá jafnvel fyrir sér aukna þátttöku símenntunarmiðstöðva í öðrum landshlutum. Samkvæmt þeim skiptir miklu máli að ljóst sé hvernig staðið er að fjármögnun tímanlega, hver borgi hvað, til að mynda í tengslum við umsýslukostnað. Ráðherrar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytis, rektor Háskóla Íslands, rektor Háskólans á Akureyri, sviðsforseti Menntavísindasviðs HÍ og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir viljayfirlýsingu um þróun og innleiðingu fagháskólanáms í leikskólakennarafræðum á landsvísu 6. október 2022. Ennfremur kemur fram í nýútgefnu riti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis sem byggir á væntanlegri tillögu þingsályktunar um stefnumarkandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi að háskólar sinni færniþörf á vinnumarkaði og er fagháskólanámið sérstaklega nefnt í þeim tilgangi (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, 2022).

Að mati aðila sveitarfélaga er mikilvægt að kostnaðarmeta og skýra hvað það felur í sér fyrir sveitarfélög annars vegar og ríki hins vegar. Einnig kom fram að auglýsa þurfi námið tímanlega þar sem fólk væri nú þegar að hringja og spyrjast fyrir um námsleiðina. Greinilegur áhugi er því til staðar og mikilvægt að hægt sé að gefa fólki svör sem fyrst: *„Þetta er hópur sem hoppar ekkert í nám, þarf að hugsa þetta og skoða sínar aðstæður en Keilir gerir þetta greinilega mjög vel ...“*

Hvatinn

Nemendur voru spurðir um ástæður þess að þeir sóttu í þetta nám og hver hvatinn hefði verið. Sumir töluðu um að leikskólastjóri hefði hvatt starfsfólk til að sækja kynningarfundinn síðsumars 2020 í Keili og upp frá því kviknaði áhugi margra. Viðmælandi með margra ára starfsreynslu í leikskóla sem hafði nýtt sér fjölmörg námskeið og tekið leikskólaliðanám leit á þetta sem einstakt tækifæri *“...hugsaði að þetta er tækifæri sem kemur líklega ekki aftur, dálítið þannig að grípa bara gæsina...”*. Ýmsar ástæður voru fyrir því að nemendur höfðu ekki farið í nám fyrr en allir höfðu þeir hugsað um það í gegnum tíðina. Þeir nefndu ástæður eins og að skort á enskukunnáttu, voru ekki með stúdentspróf og almennan skólaleiða. Einn nemandi hafði alltaf hugsað sér að fara í háskólanám en miklað námið

fyrir sér *“Töluðu allir um að þetta væri svo erfitt nám og mikil vinna þannig að það var alltaf svona þínu hræðsla í mér að sækja um”*. Einnig hafði lenging á leikskólakennaranámi í fimm ár áhrif en fagháskólanámið til tveggja ára hljómaði viðráðanlegt. Nemendur sem útskrifuðust úr fagháskólanáminu sáu ekki endilega fyrir sér að halda áfram í námi eftir útskrift en raunin varð sú að námið var bæði skemmtilegt og fljótt að líða, og sumir héldu áfram. Nemendurnir sáu flestir fyrir sér að starfa á þessum vettvangi áfram og tækifæri til náms því kærkomið: *„ég sem sagt búin að finna hvar ég ætla að vera í lífinu, það er inn á leikskóla, gengur mjög vel á þeim starfsvettvangi”*.

Fjórir af sex viðmælendum voru í ábyrgðarstöðum í leikskóla þegar þeir hófu námið, sáu um deildarstjórn og faggreinakennslu og starfsheiti og ábyrgð breyttust ekki í kjölfar námsins. Enginn viðmælandi nefndi laun í tengslum við hvata þess að fara í námið. Í ræðu útskriftarnema kom fram að hópurnir sem byrjaði í Keili hafi verið fjölbreyttur hópur samansettur af konum á mismunandi aldri frá mismunandi leikskólum með mislanga starfsreynslu að baki. Mikil hvatning fólst í því að finna að allir í hópnum voru á svipuðum stað og áttu mikið sameiginlegt. Það sem sameinaði hópinn var áhugi og löngun til að vinna með börnum og vilji til að bæta faglega þekkingu sína (Keilir, 2022).

Í könnun sem framkvæmd var vorið 2022 af Keili kom fram þakklæti nemenda fyrir tækifærið til að stunda fagháskólanám og að námsleiðin væri góð leið til að byrja aftur í námi eftir langt hlé þar sem farið væri rólega í gegnum áfanga (Keilir, 2022). Í annarri könnun sem Keilir sendi á leikskólastjóra á Suðurnesjum í janúar 2021 kom fram að allir svarendur (15 talsins) töldu mikla þörf á að auka fagmenntun í leikskólum á Suðurnesjum (Keilir, 2022). Leikskólastjórar nefna meðal annars í opnum svörum að verkefnið sé frábært og að þeir fagni því að stefnt sé að áframhaldi með námsleiðina. Það megi hins vegar ekki vera á kostnað faglegs starfs eða auka álag á kennara sem fyrir eru.

Stuðningur við nemendur og áskoranir

Nemendur töluðu um að hafa fengið mjög góðan stuðning frá Keili og skólastjórnendum á vinnustað. Í Keili var vel haldið utan um hópinn, sérstaklega fyrra árið þar sem hópurnir var alveg sér og frekar fámennur. Nemendur voru með góða aðstöðu til náms bæði í Keili og ekki síst á vinnustað þar sem þeir fengu í sumum tilfellum aðgang að leikskólanum utan hefðbundins opnunartíma. Á vinnustað voru ýmsir innviðir til staðar til þess að auðvelda ástundun eins og tölvur, prentarar, námsbækur og fl. Stjórnendur töluðu um að vilja veita nemunum góðan stuðning með þessum hætti, til dæmis með því að vera með lítið fagbókasafn á vinnustað og kaupa efni sem gæti nýst þeim og fleirum. Nemendur töluðu um mikilvægi þess að fá fullan stuðning leikskólastjóra og samstarfsfólks, annars gengi þetta ekki upp. Þeim fannst einnig mikill stuðningur fólgin í að hafa fleiri á svæðinu í námi, að geta stundað það saman í hóp, vinna saman að verkefnum og fá stuðning hver

frá annarri: „*Stuðningur að vera í hóp*“, „*Það að fá stuðninginn, ég er svo viss um að allar okkar, ég t.d hefði verið hætt nema af því að maður hafði þennan stuðning og við vorum að peppa hver aðra upp, jú við getum þetta og við hjálpum með þetta og hérna*“. Gott væri að fá tækifæri til að ræða saman um námsefnið og útskýra vafamál hver fyrir annarri. Ánægja nemenda með stuðning frá vinnuveitendum rímar við niðurstöður könnunar til nemenda fagháskólanámsins (Keilir, 2022).

Nemandi á Suðurlandi sagði að þegar nemendur þar flosnuðu upp úr náminu hafði það keðjuverkandi áhrif; það að missa stuðning samnemenda á sama svæði gerði það að verkum að fleiri hættu „...*eiginlega bara þegar hún var ein eftir þá bara gafst hún upp*“. Einn nemandi nefndi að ekki hafi verið neinn skortur á þjónustu á Suðurlandi þrátt fyrir fjarlægðir og alltaf mögulegt að fá aðstoð ef á þurfti að halda: „*þannig að ég held að það hafi aldrei verið það að við værum eitthvað langt í burtu eða svoleiðis sko*“. Ástæður brottfalls úr námi hafi því verið persónulegar. Nemandur frá Suðurnesjum nefndu hvað það hefði verið gott að mæta í Keili á fyrsta árinu þar sem mögulegt var að hitta bæði kennara og aðra nemendur. Kennari frá HÍ sagðist hafa tengst hópnum vel og að nemendur hefðu leitað þó nokkuð til hennar, sérstaklega á seinna árinu.

Þegar spurt var hvort nemendur nýttu sér þjónustu námsráðgjafa í Keili sögðust þeir hafa lítið leitað til hans en þótti gott að vita af þjónustunni og þekktu til aðila sem höfðu nýtt sér hana. Þrátt fyrir að hafa útskrifast úr náminu sögðu þeir að þjónustan standi þeim enn til boða „*þeir eru ekkert búnir að loka á okkur, bara ef ykkur vantar eitthvað þá hafið þið samband*“. Hins vegar nýttu nemendur sér þjónustu námsráðgjafa hjá HÍ þegar upp kom óvissa varðandi framhaldið vegna falls í einu fagi. Nemandur gátu haft samskipti sín á milli í gegnum facebook síðu og fulltrúar Keilis voru einnig inn á þeirri síðu. Nemandi á Suðurlandi nefndi að hún hafði frekar nýtt sér aðstoð frá umsjónarkennara og upplifði að vissu leyti að þær hefðu minni aðgang að Keili en þær sem voru á Suðurnesjum. Hún talaði um að hafa haft gott aðgengi að umsjónarkennara og að samskiptin við kennara námsleiðarinnar voru mjög góð.

Stuðningur við nemendur frá stjórnendum leikskólanna var góður, en einn stjórnandi talaði um að búa til þannig menningu á vinnustaðnum að nám væri eftirsóknarvert og kæmi til gagns fyrir alla: „*ég held þetta fari bara eftir menningu innanhús hverju sinni og eftir höfðinu dansa limirnir*“. Stjórnandi frá Suðurlandi nefndi að neminn hjá henni hafi ekki fengið styrk frá sveitarfélaginu til að mæta í tíma en stjórnandinn gaf henni engu að síður svigrúm til að komast frá á launum. Nemandur sögðust gera sér vel grein fyrir því að ef ástand er erfitt á vinnustað þá þurfti að endurskoða hvort þær kæmust frá en sú staða kom sjaldan upp „*maður er bara ótrúlega þakklátur fyrir það, þetta er ekkert sjálfsagt, það er mannekla á hverjum einasta degi og ég tala nú ekki um þegar vinnustyttingin er komin*“. Skólastjórnendur virðast hafa hvatt starfsfólk til að fara í námið en nemendur skildu að það

er erfitt er að hafa marga nema á sama vinnustað þar sem ekkert fjármagn eða afleysing komi á móti „þær vilja náttúrulega að allir mennti sig en það kemur þá ekkert á móti“. Stjórnendur tóku líka þátt í að leysa fjarvistir þegar á þurfti að halda „þannig að það eru einhvern veginn allir tilbúnir“ (nemandi).

Nemendur töluðu um að fjárhagslegur stuðningur væri mjög mikilvægur, að vera á fullum launum á meðan á náminu stendur. Stuðningur var misjafn eftir sveitarfélögum þar sem viðmælendur vissu dæmi þess að nemendur á Suðurlandi þurftu að nýta vinnustyttingu og orlofsdaga til þess að stunda námið. Nemendur voru samt sem áður sammála um mikilvægi þess að koma til móts við vinnustaðinn eins og hægt væri og voru sveigjanlegar ef á þurfti að halda. Greinilegt var að stjórnendur létu manneklu ekki bitna á mætingu nemenda nema í ítrustu neyð: „af því að ég sem skólustjóri að ef húsið mitt er að brenna þá er enginn að fara hérna út ... en ég þarf þá að vita að nemarnir eru ekki að fara að falla út af því“. Því fleiri sem eru í námi á ákveðnum vinnustað því meira álag verður á vinnustaðinn við að leysa fjarveru. Einn stjórnandi nefndi að erfitt væri að segja nei þegar fólk hefur áhuga á að fara í nám.

Aðili frá sveitarfélagi nefndi að það væru ákveðnar vinnureglur á Suðurnesjum þegar fólk fer í nám samhliða störfum, þar sem leikskólustjóri og nemi taka samtal um það hvernig fyrirkomulagið verður og sveigjanleikinn þarf að vera á báða bóga. Hann nefndi jafnframt að leikskólustjórar hefðu þetta dálítið í hendi sér, hvort gefa ætti heimild fyrir því að vera með fjölda nema á sama tíma eða ekki. Ennfremur að það væri í endurmenntunarstefnu þeirra að fólk héldi launum í tengslum við sí- og endurmenntun á vinnutíma og að fagháskólanámið gæti verið hluti af því. Stjórnandi á Suðurlandi nefndi að nokkuð væri um að starfsmenn stunduðu fjölbreytt nám samhliða hlutastarfi í leikskólanum og að það hamlaði starfseminni lítið.

Nemendum fannst að helsta áskorunin í tengslum við námið hafi verið að byrja aftur eftir langt hlé. Sumir nefndu námsmatið, að það væri til dæmis erfitt að taka próf og fyndist betra að hafa ritgerðir og verkefni í stað lokaprófa. Þeir töluð um mikilvægi þess að skipuleggja sig vel þar sem oft á tíðum væri mikið álag í tengslum við verkefnavinnu, en smám saman lærist svo að finna taktinn í náminu. Einnig kom fram að nemendum fannst erfitt að mæta í tíma þegar það væri mannekla á vinnustað og að námið krefðist of mikils tíma frá vinnustað.

Í tengslum við framhaldið að námi loknu þá fannst nemendum flókið að sækja um í HÍ: „þetta er rosalega óskýrt, við héldum að við myndum rúlla bara beint inn, við samviskusamlega að sækja um eitthvað, neineinei, þið eigið ekki að sækja um þetta, var mjög óskýrt og þetta heyrur við almennt í hópnum talað um“. Það flækta jafnframt umsóknarferlið að breytingar urðu á námskeiðum í kennsluskrá HÍ.

Ávinningur og áhrif á faglegt starf

Faglegur ávinningur var mikill að mati bæði stjórnenda og nemenda og reynslan sem kom með náminu nýttist beint inn í starfið: „*þetta er allt annað að vera komin með fagsjónarhornið, fagvitund*“ (stjórnandi). Tækifæri til náms er dýrmætt, að geta notað þessa brú yfir í háskólanám fyrir einstaklinga sem hafa ekki verið í námi í tugi ára jafnvel „*ég held þetta skipti sköpum fyrir ofboðslega reynslu sem við eigum í leikskólum landsins*“ (stjórnandi). Með náminu fá nemendur tækifæri til að vaxa í starfi og stjórnendur töluðu um að fá öflugara starfsfólk til baka úr náminu. Nemendur sögðust hafa um að fengið aukið sjálfstraust í starfi og nýja innsýn inn í starfið: „*maður sá eftir tímann eins og t.d. bara með ærslaleik, við fengum allt aðra sýn á ærslaleik eftir að hafa verið þarna upp frá, við vissum ekki einu sinni að þetta væri til*“. Þeir sögðust hafa valdeflst og gátu haft jákvæð áhrif á samstarfsfólk sitt með nýrri þekkingu og ennfremur að þeir ígrundi starfið meira eftir námið og beri meiri virðingu fyrir því. Þær töluðu einnig um að fá meiri virðingu frá foreldrum og samstarfsfólki:

...já öruggari líka, maður upplifði svoldið svona sem litla ófaglærða stelpu, eða þetta var svona aðallega þegar maður var að vinna í bænum, svoldið viðhorfið já bíddu hún er nú ófaglærð, það var alveg litið niður til manns frá foreldrunum sko og þó ég upplifi það mun minna og eiginlega ekkert hér [...] maður fékk samt svona við hverja einingu og hverja gráðu sem ég hef náð verð ég svona öruggari í mínu starfi og mínum titli í rauninni, svona gagnvart foreldrum líka.

Með aukinni fagvitund sögðust nemendur ná að rökstyðja vinnubrögð út frá fræðunum, af hverju hlutirnir eru gerðir á ákveðinn máta og fá meiri staðfestingu varðandi eigin vinnubrögð. Námið hefur styrkt þær sem kennara með dýpri innsýn inn í starfið „*ég er búin að læra fullt og get miðlað í starfi*“. Einn nemandi nefndi að það hafi verið mikið afrek að klára þessi tvö ár og hún væri sátt við það sem hefði áunnist. Nemendur eru oft á tíðum búnir að fara á fjölmörg námskeið í tengslum við störf sín og hagnýt fræðsla getur verið hvatning til áframhaldandi náms „*þegar maður fer að fatta fræðin á bak við þetta þá er þetta einhvern veginn allt öðruvísi og skemmtilegra*“. Einnig töluðu nemendur um að verkefnavinnan nýttist beint í starfið þar sem þeim gafst tækifæri að sjá möguleika til náms barna með því til dæmis að tengja stærðfræðilega þekkingu við bókalestur „*maður fann það þegar maður var að lesa fyrir börnin, að maður spáði öðruvísi í það sem maður var að lesa, hvað maður ætlar að leggja áherslu á*“. Einn nemandi nefndi ávinning af því að fara á annan leikskóla í vettvangsnáminu og fá innsýn í aðrar stefnur, kennsluaðferðir og vinnubrögð. Hún nefndi að gaman væri að bera saman mismunandi skóla og að vettvangsnámið gaf henni heilmikið.

Stjórnendur töluðu um að nemendur fengu meiri áhuga og hafi upplifað starfið öðruvísi: „*bara búið að opna aðra veröld fyrir þær*“, „*svo er svo gaman að sjá hvað þær hafa vaxið, þær ljóma*“. Aðilar úr stjórnarsýslusveitarfélagastjórn nefndu að stjórnendur hafi strax fundið hvernig námið skilaði sér inn í starfið, umræðan hafi breyst hjá starfsfólkinu og nemendur fóru að máta það sem þeir voru að læra beint inn í starfið. Orðræðan hafi strax breyst þegar starfsmenn voru komnir með þessa faglegu hugsun sem fylgir náminu. Einn stjórnandi á Suðurlandi sagðist vona innilega að námsleiðin haldi áfram þar sem margir hafa sýnt áhuga. Það er stór biti fyrir marga að fara í fimm ára nám og þessi námsleið sem brú yfir í háskóla er góð menntun sem styrki leikskólana mjög mikið: „*við finnum t.d. rosalegan mun bara við að þær fari í sko leikskólaliðann, þetta er náttúrulega tröppu fyrir ofan það*“. Allir nemendur sögðust hiklaust myndu mæla með náminu við aðra. Námið er bæði skemmtilegt og krefjandi og að mati nemenda ekki eins erfitt að þeir voru búnir að ímynda sér „*maður sér bara að með góðu skipulagi og yfirlestri á efni sem er sett inn á hverri viku þá er þetta bara vel gerlegt, og bara skemmtilegt nám líka*“.

Nemendur á Suðurnesjum fengu hækkun sem samsvarar tveimur launaflokkum, en ekki kom fram í kynningu frá Keili að náminu fylgi launahækkun. Launhækkunin var ekki alveg sjálfgefin og kom fram í viðtölum að bæði nemendur og leikskólastjóri þurftu að bera sig eftir hækkuninni við rekstraraðila enda hafði það verið skilningur nemenda að einhver hækkun fylgdi. Einn leikskólastjóri nefndi að það þyrfti að skoða betur hvað námið þýddi launalega séð. Í samtali við aðila úr stjórnarsýslu sveitarfélaga kom fram að talað hefði verið um í upphafi að umbuna nemum vegna námsins og það svo gert í samstarfi við yfirmann launadeildar. Einhver misskilningur virtist ríkja hjá nemendum varðandi réttindi að námi loknu þar sem einhverjir höfðu talið sig gjaldgenga í Kennarasamband Íslands að fagháskólanáminu loknu. Slíkt er ekki raunin enda þarf að ljúka 120 ECTS eininga námi til þess.

Samantekt

Anmarkar – hvað má betur fara?

- Fjármögnun þarf að vera skýr, hver borgar hvað, ábyrgð og skyldur
- Ekki var gefinn nægilegur tími til að undirbúa námsleiðina, skipulagning námskeiða krefst undirbúningstíma sem þarf að hafa í huga við framhaldið
- Skipulag námsins þarf að vera mjög skýrt í upphafi og auglýst tímanlega, ekki síst hvað varðar mætingarskyldu og vettvangsnám
- Mætingarskylda á dagvinnutíma tvisvar í viku getur reynst flókin í framkvæmd bæði fyrir nemendur og vinnuveitendur
- Nemendur hafi kost á að sinna námi utan hefðbundins vinnutíma t.d. með því að hlusta á fyrirlestra í upptöku
- Álag á starfsemi leikskólans ef margir á vinnustað stunda nám samhliða fullu starfshlutfalli
- Auka þarf afleysingu inn í leikskólana vegna fjarveru nema, mögulega með auknum stuðningi sveitarfélaga
- Auka samráð við leikskólastjórnendur og rekstraraðila hvað varðar vettvangsnám og staðlotur
- Umsóknarferli eftir útskrift og áframhaldið óljóst fyrir þá sem náðu ekki að útskrifast út af falli í einu fagi
- Skilin milli fyrsta og annars árs of skörp fyrir marga, vantar betri leiðbeiningar við þessi kaflaskil og aukið utanumhald seinna árið
- Huga að stuðningi við þá nemendur sem komast ekki á staðinn vegna fjarlægðar
- Skortur á enskukunnáttu kom í veg fyrir að erlendir starfsmenn gætu hafið nám
- Mikilvægt að kennarar átti sig á bakgrunni þessa hóps þegar hann fellur inn í námið í HÍ á öðru ári; meira samráð við kennara
- Mikið fall í einu námskeiði á 2. ári – rýna betur í námstækni og námsmat og upplýsingaflæði varðandi námsaðstoð frá námsráðgjöfum

Kostir - hvað tókst vel?

- Bæði stjórnendur og nemendur töluðu um að samstarfið við Keili hafi gengið frábærlega og þar hafi þau upplifað mikinn og góðan stuðning
- Góð leið til að byrja aftur í námi eftir langt hlé
- Gott að fá tækifæri til að koma inn í Stakkahlíð á seinna árinu og kynna háskólaumhverfinu
- Að vera með öðrum frá sama vinnustað í námi er mikill stuðningur
- Þegar fullur stuðningur leikskólastjóra var til staðar upplifðu nemendur mikið öryggi og ánægju
- Mikilvægt að fá stuðning samstarfsfólks á leikskólum
- Nemendum fannst gott að hittast og vera saman í Keili
- Aukið sjálfstraust og þekking í starfi
- Góð áhrif á faglegt starf leikskólanna
- Námsmenning verður til innan leikskólanna sem leiðir til þess að fleiri sækja í nám
- Gott að geta tengt námið beint inn í vinnuna, verkefni og raundæmi
- Gott að fara á aðra leikskóla í vettvangsnám, lærdómsríkt að fara í annað umhverfi
- Ánægja með þjónustu kennara Menntavísindasviðs og aðstoð kennsluskrifstofu varðandi skráningar á námskeið og í áframhaldandi nám
- Námið gekk betur en nemendur höfðu búist við, aukið sjálfstraust í námi
- Námskeiðin hagnýt og skemmtileg
- Fámennur hópur sem gerði það að verkum að kennarar gátu tengst hópnum

Lokaorð

Í viðtölunum er ljóst að flestir telja að fagháskólanámið sé leið sem er komin til að vera, skipulagið þurfi þó að vera skýrara og upplýsingaflæði betra. Stuðningur við nemendur skiptir miklu máli og nemendur virðast mjög ánægðir með þjónustu bæði frá Keili og kennurum námsleiðarinnar. Nokkuð var um brottfall af námsleiðinni sem má líklega rekja til persónulegra ástæðna fremur en þátta sem tengdust námsleiðinni. Í viðtölunum kom fram ánægja með að bjóða upp á fagháskólanám í samstarfi HÍ og Keilis sem leitt hafi af sér aukna fagmennsku innan leikskóla sem tóku þátt. Nánari upplýsingar um verkefnið er hægt að kynna sér í lokaskýrslu Keilis.

Heimildir:

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir. (2022). *Árangur fyrir Ísland*. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.
<https://www.aslaugarna.is/>

Keilir. (2022). *Fagháskólanám í leikskólafræði 2020-2022. Lokaskýrsla Keilis*. Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Keilir. (e.d.). *Fagháskólanám í leikskólafræðum*.
<https://www.keilir.net/haskolabru/haskolabru/namsframbod/faghaskolanam-i-leikskolafraedum#markhopur>